



Akureyrarbaer

Starfsaetlun leikskola



fyrir skólaárið 2023 -2024

Um skólann

Iðavöllur stendur við Gránufélagsgötu á Akureyri, á Eyrinni. Skólastjóri er Anna Lilja Sævarsdóttir. Iðavöllur hóf starfsemi 1959, en núverandi húsnæði var opnað sumarið 2000. Skólinn hefur því starfað í 64 ár. Skólinn mun stækka talsvert haustið 2023, þar sem ungbarnadeild með 24 rýmum, rekin í húsnæði Oddeyrarskóla, mun bætast við reksturinn. Iðavöllur er rekinn af Akureyrarbæ og heyrir undir fræðslu- og lýðheilsusvið Akureyrarbæjar.

Skóladagatal árið [2023-2024](#).

Tölulegar upplýsingar um börn

Áætlaður fjöldi barna veturinn 2023-2024 er 105 börn. Á Iðavelli höldum við ekki lengur til haga fjölda barna eftir kyni (kvk og kk).

Áætlaður fjöldi dvalarstunda er 623 og meðaldvalartími barna er 8,0 stundir á dag.

Fjöldi barna sem njóta viðbótarþjónustu eru þónokkur. 3 börn eru með stuðning allan sinn vistunartíma og að auki sinnir sérkennsluteymi skólans fjölmörgum börnum sem þurfa snemmtæka íhlutun og stuðning. Þar á meðal eru tvítýngd börn, en fjöldi tvítýngdra barna er áætlaður 38, sem er 36% nemenda skólans.

Starfsmannamál

Heildarfjöldi stöðugilda er áætlað um 30

Heildarfjöldi starfsmanna er áætlað 42

Þegar áætlun er gerð er ekki komin endanleg niðurstaða í mönnun.

Símenntun starfsmanna þennan veturinn felst mikið í einstaklingsbundnum námskeiðum. Nýir kennarar fara á námskeið í TRAS og Hljóm-2 eftir því sem við á. Einnig fara allir nýir starfsmenn gegnum nýliðafræðslu Akureyrarbæjar.

Fræðsla frá UNICEF vegna innleiðingar Barnasáttmála og Réttindaskólavinnu. Fræðsla frá Barnavernd að hausti. Fræðsla vegna þróunarverkefnis um hæglátt leikskólastarf. Fræðsla um einhverfu, ADHD og kvíða haust 2023.

Skólastjórnendur eru í stjórnendanámi í Símenntun HA, valið var einingabært nám.

Öryggismál:

Öryggisteymi er starfandi við skólann og ber ábyrgð á öryggismálum (sjá yfirlit yfir teymi og meðlimi þeirra í undirbúningsherbergi). Deildar skipta með sér mánuðum í lóðarskoðun og skráningum. Úttekt er reglulega gerð af opinberum aðilum á lóð og húsnæði leikskólans. Eftir slíkar úttektir eru gerðar úrbótaáætlanir og ber skólastjóri ábyrgð á gerð þeirra og eftirfylgni. Eldvarnaráætlun er til og er fylgt eftir af öryggisteymi. Slysaskráningar eru gerðar í Karellen og ber hver og einn kennari ábyrgð á þeim, undir tilsjón deildarstjóra. Áfallaáætlun og aðrar áætlanir um öryggisþætti skólans má finna á [heimasíðu](#)

Dagleg lóðaskoðun fer fram þar sem kannað er hvort rusl leynist á svæðinu eða skemmdir hafa orðið á lóð eða leiktækjum að næturlagi. Skráningarblað er í báðum forstofum. Farið er árlega yfir vinnuaðstöðu í samvinnu við UMSA. Brunaeftirlit er árlega. Eineltis og ofbeldis áætlun er uppfærð reglulega og samvinna við vinnueftirlit vegna öryggis starfsmanna er regluleg.

Faglegar áherslur

Einkunnarorð skólans og helstu áherslur í starfi.

"**Þar er leikur að læra**" eru einkunnarorð Iðavallar og í þeim felst stefna leikskólans. Daglegt líf á Iðavelli snýst um leikinn fyrst og fremst, athafnir, verkefni og samskipti sem miða að því að gefa börnunum fjölbreytt tækifæri til að læra, helst með því að uppgötva og reyna sjálf en stundum með dyggri aðstoð annarra. Verkefni snúast oftast en ekki um áhugamál barnanna og leitast er við að horfa á sterku hliðar hvers og eins, bæði barna og kennara. Í leikskólanum er jákvæð sýn á menn og málefni höfð að leiðarljósi. Sú trú að allir hafi sitt til brunns að bera mótár starfið og horft er til hugmyndafræði Reggio Emilia varðandi ýmislegt í starfi skólans. Nánari útfærslu á starfi, hugmyndafræði, markmiðum og leiðum má sjá í skólanámskrá Iðavallar og á heimasíðunni idavollur.is

Meginmarkmið leikskólans eru:

Helstu markmið skólastarfsins eru að öllum líði vel í skólanum, að jákvæð samskipti séu ríkjandi og að hver einstaklingur fái að njóta sín og þroskast.

Áhersla er lögð á traust og jákvæð samskipti við fjölskyldur barnanna. Á Iðavelli er fjölmenningslegt samfélag og mikil áhersla er lögð á mál og málörvun til að styrkja grunn barna til náms og þroska. Starfsfólk skólans leggur áherslu á faglegt uppeldis- og menntastarf og horft er til hugmyndafræði Reggio Emilia til grundvallar.

Gildi skólans eru **Virðing – Sköpun – Velliðan** og tengjast beint inn í sérkenni Iðavallar, fjölmenningu, Reggio Emilia hugmyndafræðina og því markmiði okkar að öllum líði vel í skólanum.

Fjölmennung

Fjölmennung einkennir starf Iðavallar og er fjöldi tvítyngdra barna sá mesti hér af öllum leikskólum Akureyrarbæjar, oft um og yfir 25% hverju sinni. Veturinn 2023-2024 er áætlað að 36% barnanna eru tvítyngd. Starfsmaður í leikskólanum er í 25% stöðu og vinnur sérstaklega með þessum hópi barna. Málörvun er rauði þráðurinn í gegnum starfið, ýmist í formi málörvunarhópa og/eða einstaklingsþjálfunar. Einnig fer fram leikþjálfun og þjálfun í samskiptum sem og skimanir á orðaforða. Handbók leikskólans er á íslensku, ensku og pólsku. Sérkennsluteymi hefur innleitt notkun *Hæfniramma í íslensku frá* Menntamálastofnun til þess að meta framfarir og stöðu barna með annað heimamál.

Þróunarverkefni

Formlegt þróunarverkefni var ekki í gangi veturinn 2022-2023, en skólinn heldur þó alltaf áfram að þróa starf sitt.

Skólanum var á vordögum 2023 boðið að taka þátt í þróunarverkefninu Hæglátt leikskólastarf, sem unnið er í samvinnu Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og sérfræðinganna Alison Clark og Kari Carlsen. Verkefnið er til þriggja ára. Þrymheimur og Álfheimur munu taka beinan þátt í verkefninu og fóru deildarstjórar, Birta og Therese, ásamt leikskólastjórum á ráðstefnu Rannung í maí 2023 og á fyrsta vinnufund verkefnisins. Verkefnið fer svo í fullan gang haustið 2024.

Áætlaður afrakstur verkefnis

Afrakstur verkefnisins er áætlaður sá að skapa ró og hægja á okkur í erli dagsins. Gefa okkur tíma – í stað þess að keppast við að fylla tímann. Þannig getum við bætt námsaðstæður barna og starfsaðstæður kennara um leið. Streita – og þar með kortisol í blóði – hefur ekki góð áhrif á okkur mannfólkið, og því mikilvægt að draga úr eins og kostur er, sérstaklega hjá börnum. Hver eru tengsl tímans við menntun og umönnun barna í leikskólanum? Er tími til að gera? – hvernig eru tengsl barna við námsumhverfi sitt?

Niðurstaða verkefnisins

Verkefnið er rétt farið af stað og því ekki komnar neinar niðurstöður. Verkefnið fer þannig fram að kennarar deildanna finna sér afmarkað viðfangsefni til að skoða með hæglæti að leiðarljósi. Kennarar munu síðan gera starfendarannsókn á hvernig til tekst, ásamt því að uppedislegar skráningar í anda Reggio Emilia verða notaðar til að kortleggja hvernig verkefnið hefur áhrif á börnin.

Mat og umbætur

Iðavöllur er núna að innleiða nýja menntastefnu Akureyrarbæjar. Í þeirri vinnu felst markvisst mat á öllum þáttum skólastarfs. Gæðaráð starfar við skólann og á næstu misserum mun það fara gegnum öll gögn skólans og meta með tilsjón af gæðaviðmiðum menntastefnu og úttektum menntamálastofnunar. Nánar má lesa um mat á skólastarfi, námi og kennslu á [heimasíðu](#) skólans.

Foreldrasamstarf

Við Iðavöll eru starfandi [Foreldraráð](#) og [Foreldrafélag](#), nánari upplýsingar má fá með að smella á hlekkina inn á heimasíðu skólans. Foreldraráð og foreldrafélag funda eftir þörfum og að auki situr aðili úr foreldraráði gæðaráðsfundi skólans.

Foreldrasamtöl eru tvisvar á ári, en foreldrar geta alltaf beðið um samtal þegar þurfa þykir. Fyrir aðlögun er alltaf móttökusamtal (sjá nánar í handbók skólans) þar sem kennarar hitta

væntanlega leikskólaforeldra. Að hausti er oftast farið yfir líðan, gengi almennt og samskipti, en að vori er farið yfir skimanir s.s. TRAS, MIO og Hljóm-2 ásamt almennum spjalli.

[Foreldrahandbók](#) er á íslensku, ensku og pólsku.

Samstarf við grenndarsamfélag

Samstarf við fræðsluvið, Velferðarsvið og aðra stoðþjónustu:

Samstarf við Fræðsluvið Akureyrarbæjar felst m.a. í eftirlits og ráðgjafahlutverki starfsfólks sviðsins gagnvart skólanum, en Fræðsluvið heldur að auki utan um fundahald og samráðsvettvang milli Akureyrarskólanna ásamt ýmis konar fræðslu.

Þegar leita þarf aðstoðar utan skólans vegna þarfa einstakra barna/fjölskyldna er leitað til ráðgjafa Fræðsluviðs, **Velferðarsviðs** og/eða **Barnaverndar**, en þar starfar fjölbreyttur hópur ráðgjafa. Slíkt samstarf er ávallt í samvinnu foreldra, skóla og ráðgjafa.

Samstarf við grunnskóla

Mikið og gott samstarf er við hverfisgrunnskólann Oddeyrarskóla. Á hverju hausti er endurnýjuð samstarfsáætlun milli skólanna. Heimsóknir eru á báða bóga. Að auki fær lðavöllur að njóta góðs af íþróttahúsi Oddeyrarskóla einu sinni í viku til íþróttaiðkunar. Ekki er samstarfáætlun í gangi við Brekkuskóla, en lðavöllur aðstoðar Brekkuskóla við að bjóða nemendum sem þangað fara á kynningarfund og í heimsóknir. Brekkuskóli hefur haft frumkvæði að þeim samskiptum þegar nálgast kynningarfundir.

Börnum úr öðrum leikskólum, sem einnig koma til með að fara í Oddeyrarskóla, er gjarnan boðið með í heimsóknir samstarfsáætlunar í fylgd með foreldrum sínum.

Slökkvilið: Logi og Glóð nefnist samstarfsverkefni við Slökkvilið Akureyrar. Slökkvilið kemur í tvær heimsóknir og þess á milli sinna elstu börnin eftirliti á ýmsum öryggisþáttum.

Lögregla: Heimsóknir til elstu barna að vori á hjóladegi. Umferðarfræðsla og yfirferð reiðhjólábúnaðar.

Norræna leikskólaráðstefnan/stýrihópur: Anna Lilja er fyrir hönd Akureyrarbæjar í stýrihóp norrænu ráðstefnunnar, sem er á vegum vinabæjasamstarfs Akureyrar við Lahti í Finnlandi, Västerås í Svíþjóð, Randers í Danmörku og Álasunds í Noregi. Ráðstefnan er haldin árlega, til skiptis í löndunum fimm. Stýrihópur hittist utan þess einu sinni á haustönn til skipulagningar næstu ráðstefnu.

Ráðstefnan er á Akureyri haustið 2023.

Helstu verkefni 2023-2024

*Áframhaldandi innleiðing menntastefnu og mats á skólastarfi.

*Innleiðing Barnasáttmála haldið áfram í samstarfi við Unicef. Réttindaskólaviðurkenning haust 2023

*Stofnun nýrrar deildar, Dvergheims, í húsnæði Oddeyrarskóla.

*Verkferlar lærdómssamfélags festist í sessi í starfi skólans.

*Próunarverkefnið hæglátt leikskólastarf.

Leiðir skólans til að mæta nemendum sem þurfa viðbótarþjónustu

Sérkennslustjórastaða Iðavallar er 100% m.a. vegna fjölda tvítyngdra barna í skólanum. Sérkennslustjóri er iðjuþjálfari en að auki eru tveir iðjuþjálfar í sérkennsluteymi, annar í 75% stöðu og hinn í 100% stöðu. Að auki eru tveir kennarar og leik- og tónlistarþerapisti, ásamt fleirum. Einn úr teyminu er ISAT fulltrúi og sinnir verkefnastjórn í tvítyngismálum. Sérkennslustjóri sinnir beiðnum frá foreldrum, kennurum og fræðslusviði vegna barna sem þurfa viðbótarþjónustu að einhverju tagi, s.s. vegna málþroska, fatlana, heilsu, hegðunar o.fl. Hann sinnir einnig stuðningi við deildar vegna þessara mála, kemur inn í foreldrasamstarf, fundi og sér um samskipti við þá fagaðila sem leita þarf til. Sérkennslustjóri og aðrir sem sinna stuðningi við einstök börn eða barnahópa mynda sérkennsluteymi sem starfar sjálfstætt utan deilda.

Öll tví/fjöltýngd börn eru í markvissri málörvun sem hver deild skipuleggur og til að styðja við það starf er hluti sérkennslustjórnar helgað tvítyngi og hefur ákveðinn starfsmaður yfirumsjón með málörvun barna af erlendum uppruna á Iðavelli, þó kennarar allra deilda sinni þeirri vinnu einnig. Sérkennsluteymi hefur innleitt notkun *Hæfniramma í íslensku frá Menntamálastofnun* til þess að meta framfarir og stöðu barna með annað heimamál.

Anna Lilja Sævarsdóttir

Akureyri, 15.06.2023

Starfsáætlun 2023 - 2024



Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans 2022-2023 skipa:

Tryggvi Gunnarsson

Auður Helga Sigfúsdóttir

Nanna Rut Guðmundsdóttir

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Gátlisti:

A. Kemur fram með fullnægjandi hætti	B. Kemur fram með ófullkomnum hætti	C. Kemur ekki fram
--------------------------------------	-------------------------------------	--------------------

- Koma fram upplýsingar um barnahópin p.e. áætlun um fjölda barna, fjölds sérkennslubarna og fjölda tvítyngdra barna A B C
- Koma fram upplýsingar um fjölda starfsmanna og stöðugilda? A B C
- Kemur fram með skýrum hætti upplýsingar um símenntunaráætlun / starfsþróunaráætlun leikskólans A B C
- Kemur fram stefna skólans ásamt áherslum og markmiðum komandi árs A B C
- Kemur fram hvaða þætti skal meta komandi skólaár og og hvaða umbótaferli verða unnin eftir fyrirgjandi mat. A B C
- Koma fram skýrar upplýsingar um foreldraráð, áætlaða foreldrafundi og foreldraviðtöl? A B C
- Kemur fram með skýrum hætti hvernig leikskólinn hyggst vinna að samstarfi við grenndarsamfélagið s.s. grunnskóla? A B C
- Kemur fram með skýrum hætti hvernig samstarfi er háttáð við stoðþjónustukerfi bæjarins s.s. fræðslu- og fjölskyldusvið? A B C
- Skóladagatal A B C

Audur Helga Sigfusdóttir Naumann-Gudau.

Undirskriftir fulltrúa foreldraráðs: Þýssu Gunnarsson

